



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Esjuna og einkavæðingu útsýnisins. **13**



LÍFID Hverjir eru fimm flottustu og fimm ljótustu búningar ensku úrvaldeildarinnar? **18**



SPORT Ólafur Jóhannesson gerði Val að bikarmeisturum um helgina og KR-ingar losna ekki úr álögum hans. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

17. ágúst 2015
191. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Raflína um Sprengisand

Landsnet vill leggja raflínu um Sprengisand og styrkja byggðalínu á Norður- og Austurlandi. Hefur neikvæð umhverfisáhrif. Um 50 km verða í jörðu á hálendinu, verði þetta að veruleika. **4**



Takast á um leiðtogastöðuna

Formanskjör er hafið í Verkamanna-flokki Bretlands. Jeremy Corbyn, sem í upphafi þótti ólíklegastur, stendur nú best að vgi. Kjörinu lýkur 10. september. **10**

80 milljónir í landsmótssvæði

Rúmar 80 milljónir króna fara í uppbyggingu á Hólum í Hjaltadal vegna Landsmóts hestamanna. **2**



2 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Fólk



Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis



SETIÐ VIÐ ROKKINN Á Árbæjarsafni mátti í gær sjá vinnuhjú spinna úr hrosshári, bregða í gjarðir og flétta bönd fyrir gesti. Hafdís Bjarnadóttir sat við rokkinn og spann á meðan Guðný Ingibjörg Einarsdóttir kembdi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnvöld gættu ekki íslenskra hagsmuna

Utánríkisráðherra gagnrýndi útgerðarmenn vegna orða þeirra um ákvörðun Íslands um að styðja viðskiptaþvinganir Evrópusambandsins gegn Rússum. Framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi segir stjórnvöld ekki hafa gætt hagsmuna Íslands nægilega.

UTÁNRIKISMÁL „Við teljum að það sé sjálfsögð krafa að stjórnvöld efni til umræðu um aðgerðir sem snerta jafn mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar og íslenskur sjávarútvegur gerir,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi í grein sinni í Fréttablaðinu í dag.

Gunnar Bragi Sveinsson utánríkisráðherra gagnrýndi í gær suma útgerðarmenn harðlega vegna orða þeirra um ákvörðun Íslands um að styðja viðskiptaþvinganir Evrópusambandsins gegn Rússum. „Ef þeir vilja taka eiginhagsmuni fram yfir hagsmuni heildarinnar þá er rétt að velta því fyrir sér hvort þeir séu bestu aðilarinn til að fara með auðlindina,“ sagði Gunnar Bragi í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær.

„Við gerum okkur grein fyrir því að málið er ekki einfalt og snertir víða hagsmuni. Hins vegar er það svo að áhrifin hitta okkur Íslendinga sérlega harka-



„Ef þeir vilja taka eiginhagsmuni fram yfir hagsmuni heildarinnar þá er rétt að velta því fyrir sér hvort þeir séu bestu aðilarinn til að fara með auðlindina.“

Gunnar Bragi Sveinsson, utánríkisráðherra.

lega fyrir vegna þess hve samofnir hagsmunir Íslendinga og sjávarútvegsins eru,“ segir Kolbeinn í grein sinni.

Þá segir í greininni að það skjóti skökku við að stjórnvöld skuli ekki hafa gætt íslenskra hagsmuna betur. „Hagsmunir Íslendinga í þessu máli tengjast ekki einungis hagsmunum nokkurra fyrirtækja í sjávarútvegi. Þeir varða þjóðarhag. Í húfi er



„Áhrifin hitta okkur Íslendinga sérlega harkalega fyrir vegna þess hve samofnir hagsmunir Íslendinga og sjávarútvegsins eru.“

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

fjöldi starfa, gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, afkoma sveitarfélaga víða um land, afkoma fyrirtækja sem skila samfélaginu stórum hluta tekna sinna sem við byggjum velferð okkar á.“

Gunnar Bragi sagði í hádegisfréttum í gær að ólíklegt væri að stuðningurinn yrði afturkallaður. Hann sagði að einhugur sé í ríkisstjórn um viðskiptaþvinganirnar.

nadine@frettabladid.is

Ný hvalatalning hjá Hafró: Hrefnu hefur fækkað mikið

DÝRALÍF Ný hvalatalning Haf-rannsóknastofnunar (Hafró) leiðir í ljós að talsverðar breytingar hafi orðið í fjölda og útbreiðslu hvala við landið síðustu tuttugu ár. Fram kemur á vef Hafró í gær að 10. ágúst hafi einkar viðtækum hvalatalningum lokið. Skipulagning talninganna er á vettvangi Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins, NAMMCO.

- óká / sjá síðu 6



VEÐUR



Hæg suðvestlæg átt og smá skúrir, en birtir til fyrir austan. Hiti 9 til 16 stig, hlýjast norðaustanlands.

SIÐA SÍÐU 16

Sýrlenski stjórnarherinn gerði loftárás á markað í bænum Douma í Sýrlandi: 70 létu lífið í loftárásum í Sýrlandi

SÝRLAND Að minnsta kosti sjötíu manns létu lífið í loftárásum sýrlenska stjórnarhersins á markað í bænum Douma í Sýrlandi í gær. Bærinn er á valdi uppreisnarmanna í Sýrlandi.

Að minnsta kosti 200 manns slósuðu í árásunum. Frá þessu greinir Al Jazeera.

Flestir hinna látnu eru óbreyttir borgarar og óttast er að tala látinna muni hækka, þar sem margir hinna slósuðu eru í alvarlegu ástandi.

Um var að ræða fjórar loftárásir en fjölmargir voru samankomnir á markaðnum, í miðbæ Douma, þegar sprengingin varð.

Bærinn er nálægt Damaskus, höfuðborg Sýrlands.

Stjórnarherinn hefur gert fjölmargar loftárásir í Ghouta-héraðinu á undanföllum misserum. Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa gagnrýnt árástirnar harðlega og sagt þær jafngilda stríðsglæpum.

- ngy



LOFTÁRÁS Óttast er að taka látinna muni hækka þar sem margir hinna slósuðu eru í alvarlegu ástandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Annasamt hjá lögreglunni: Lögreglan rannsakar líkamsárás

LÖGREGLAN Lögreglan í höfuðborginni rannsakar líkamsárás í Breiðholti sem varð á sjötta tímanum á laugardag. Málsatvik eru óljós og ekki er vitað um meiðsl. Þar var flutt á slysadeild til aðhlyningar.

Í Vesturbænum handtók lögregla mann í annarlegu ástandi sem reyndi að brjótast inn í apótek. Búið var að brjóta rúðu og er maðurinn grunaður um að hafa gert það. Rætt verður við hann þegar ástand hans leyfir. Atvikið átti sér stað seint í gærkvöldi. - nej



MÓTMÆLI Mótmælendur flyktust út á götur Sao Paulo til þess að krefjast afsagnar forsetans.

NORDICPHOTOS/AFP

Almenningur í Brasilíu krefst afsagnar Dilmu Rousseff:

Hundruð þúsunda mótmæltu

BRASILÍA Hundruð þúsunda flyktust út á stræti stærstu borga Brasilíu, Ríó de Janeiro og Sao Paulo, til að krefjast afsagnar forseta landsins, Dilmu Rousseff, í gær. Margir mættu í gulu og grænu, einkennislitum brasilíska fótbolta landsliðsins, og hrópuðu slagorð á borð við „út með Dilmu“ og „nei við spillingu“.

Mótmælendur kvarta undan spillingu og efnahagserfiðleikum í landinu og eru þetta ekki fyrstu mótmælin gegn Rousseff. Í mars mótmæltu um milljón Brasilíumenn forsetanum og um 600.000 í apríl. - þea

Semja við Leikfélag Reykjavíkur:

Borgir framlengir rekstrarsamning

REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að framlengja með óbreyttum forsendum rekstrarsamning Reykjavíkurborgar við Leikfélag Reykjavíkur til næstu þriggja ára. Samningurinn tekur gildi um áramót.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 nemur heildarframlag til starfsemi og reksturs Borgarleikhússins um 936 milljónum króna. Þetta er hæsti rekstrarsamningur Reykjavíkurborgar í menningarmálum.

- ngy

Íslamska ríkið fellir þrettán:

Bílsprengja í Bagdadborg

ÍRAK Bílsprengja sprakk á bílasölu í írösku höfuðborginni Bagdad í gær. Þrettán féllu í sprengingunni sem Íslamska ríkið hefur lýst yfir ábyrgð sinni á. Þá særðust einnig 52 við sprenginguna.

Liðsmenn Íslamska ríkisins felldu einnig sautján íraska hermenn í borginni Fallujah, sem er á valdi Íslamska ríkisins. Þrír hryðjuverkamenn keyrðu þá bíla drekkhlaðna sprengjum á vegartálma hermanna, að sögn talsmanns Írakshers.

- þea

80 milljónir í landsmótssvæðið á Hólum

Landsmót hestamannafélaga að Hólum í Hjaltadal verður haldið á næsta ári. Kostnaður við uppbyggingu í ár verður rúmar áttatíu milljónir. Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir um helming kostnaðar á móti helmingi úr ríkissjóði.

SKAGAFJÖRÐUR Framkvæmdir við Landsmót hestamanna árið 2016 eru í fullum gangi á Hólum í Hjaltadal. Unnið er að gerð keppnisvalla og aðstöðu fyrir áhorfendur. Áætlað er að kostnaður við verkið nú í sumar verði 82,7 milljónir króna og greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélaginu Skagafirði.

„Það eru fjölmargir málaflókkar þar sem ákveðin kostnaðarskipting á sér stað milli ríkis og sveitarfélaga. Við höfum tekið þátt í kostnaði við uppbyggingu fjölbrautaskólans, uppbyggingu endurhæfingarsvæðis við Heilbrigðisstofnunina, uppbyggingu Háskólans á Hólum, landsmót á vegum UMFÍ og svo má lengi telja. Þessi framkvæmd við Háskólann á Hólum í Hjaltadal er því ekki að neinu leyti frábrugðin öðrum verkefnum til uppbyggingar á innviðum samfélagsins,“ segir Ásta Pálmadóttir, sveitarstjóri sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Verkfærastofnan Stöð ehf. gerði kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir á svæðinu í maí síðastliðnum sem hljóðaði upp á um 68 milljónir króna og opnað var fyrir tilboð í verkið, sem snýr að lagningu valla og gerð áhorfendabrekku svo eitthvað sé nefnt. Þrjú tilboð bárust sem öll voru langt yfir kostnaðaráætlun, eða á bilinu 111 til 130 milljónir króna.

Öllum tilboðum var hafnað en farið var í að semja við lægstbjóðanda.

„Þær framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Hólum tengjast uppbyggingu aðstöðu vegna



LANDSMÓT HESTAMANNAFÉLAGA Landsmót er haldið annað hvert ár og sækja nærri tíu þúsund manns mótið. Frá mótinu á Gaddstaðaflofum á Hellu í fyrra.

MYND/BJARNI ÞÓR SIGURÐSSON

Landsmóts hestamanna árið 2016, sem jafnframt mun nýtast sem kennsluástaða fyrir Háskólann á Hólum. Skólinn fékk fjórutíu milljónir sem eyrnamerktar voru til framkvæmda til að bæta aðstöðu til kennslu í hestafræðideild. Háskólinn á Hólum tekur þátt í að móta umgjörð fyrir Landsmót hestamanna með því að veita aðgang að glæsilegri aðstöðu skólans og landrými, en kemur ekki að fjármögnun landsmóts,“ segir Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum.

Þann 1. desember síðastliðinn komu inn í fjárlögin fjórutíu milljónir til að bæta útikennslusvæði Hólaskóla. Daginn eftir var tekin ákvörðun á stjórnarfundum Landsmóts hestamannafélaga um



Þær framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Hólum tengjast uppbyggingu aðstöðu vegna

Landsmóts hestamanna árið 2016, sem jafnframt mun nýtast sem kennsluástaða fyrir Háskólann á Hólum.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum.

að færa landsmótið frá Vindheimamelum í Skagafirði að Hólum í Hjaltadal.

sveinn@frettabladid.is

Sérfræðiteymi í losun flæktra hvala lagði í björgunarleiðangur um helgina:

Tókst að losa hnúfubakinn í gær

NÁTTÚRA Í gær tókst að skera á net sem farið var að ganga inn í hol hnúfubaks sem fannst í Faxafloa fyrir nokkrum vikum.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að útlit sé fyrir að hnúfubakurinn nái sér að fullu.

Sérfræðingateymi í losun flæktra hvala á vegum Alþjóðahvalveiðiráðsins lagði í leiðangur um helgina í því skyni að undirbúa og framkvæma björgunaraðgerð vegna hnúfubaksins, sem sést hefur í fjölda hvalaskoðunarferða í Faxafloa og var illa flæktur í net.

Fjölmargir aðilar komu að björguninni og undirbúningi hennar, þar á meðal hvalaskoðunarfrýrtæki, Landhelgisgæslan, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, British Divers' Marine Life Rescue og International Fund for Animal Welfare.



KOMIÐ TIL BJARGAR Fjölmargir aðilar komu að björguninni og undirbúningi hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Talið er að hvalurinn hafi flækst fyrir nokkrum vikum og stórt sár hafi myndast neðan við sporðinn

þar sem margvafið fínt girnið hafi grafið sig djúpt inn í holdið.

- ngy

GANIC

Sófaborða sett (tvö í pakka)

Svart með hvítri plötu.

Stærð: 130x73 H:45 cm.



59.990 kr. -69.980 kr.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Sendum fritt
samdægurs!
Ei pantað er fyrir
4.000 kr. eða meira

Kláraðu skólainnkaupin á örfáum mínútum!



**GERÐU
VERÐSAMANBURÐ!**

Borgaðu skólainnkaupin betur.
1. október
Netgíró
www.netgiro.is

www.heimkaup.is

Veldu svæði

ÁRBÆR OG GRAFARHOLT

Veldu skóla

ÁRBÆJARSKÓLI

Veldu bekk

1. BEKKUR

SÆKJA LISTA!

27%
AFSLÁTTUR

Tulipop skólataska
Verð kr. 10.890,-
Tilboð kr. 7.990,-



Vandaðar töskur með endurskini og fjölmörgum vösum. Sundpokar og pennaveski í stíl.

Under Armour hettupeysa
Verð kr. 8.690,-
Tilboð kr. 6.990,-

20%
AFSLÁTTUR

20%
AFSLÁTTUR

Vinsælasta hettupeysan frá UA. Frábær í haustveðrinu, hlý og hrindir frá sér vatni.

Maped trélitir 12 stk
Verð kr. 659,-
Tilboð kr. 399,-

39%
AFSLÁTTUR

Vönduðu litir sem kennararnir velja.

Faber-Castel yddari

Verð kr. 499,-
Tilboð kr. 299,-



Faber-Castel tvöfaldur yddari. Staðalbúnaður í öllum skólatöskum.

40%
AFSLÁTTUR

Truly vasareiknir
Verð kr. 799,-
Tilboð kr. 499,-



Einfaldur vasareiknir fyrir fyrstu bekkina.

38%
AFSLÁTTUR

Brix bananabox
Verð kr. 1.890,-
Tilboð 990,-

48%
AFSLÁTTUR

Bananahústrið heldur bananum ferskum í töskunni.

Adidas Versatile bakpoki
Verð kr. 4.990,-
Tilboð 3.493,-

30%
AFSLÁTTUR

Bakpokarnir frá Adidas eru sívalir. Fullt af flottum bakpokum fyrir allan aldur.

Totto Pennaveski
Verð kr. 1.690,-
Tilboð kr. 990,-

41%
AFSLÁTTUR

Totto pennaveski grænt og svart

Þú færð allar skólabækurnar hjá okkur - nýjar og notaðar!



**GERÐU
VERÐSAMANBURÐ!**

Acer Aspire E5
Verð kr. 99.990,-
Tilboð 84.990,-

15%
AFSLÁTTUR

14" skjár
500GB harður diskur,
Intel Core i3-4030U
Flott vél í skólann!



Klassískt pennaveski
Verð kr. 789,-
Tilboð kr. 499,-

37%
AFSLÁTTUR

Fánlegt í fjórum litum.



Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu
Ólíkt mörgum netverslunum býst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Frí heimsending samdægurs

Höfuðborgarsvæðið: Pantaðu fyrir kl. 13:00 og sendingin getur verið komin til þín fyrir 16:00 sama dag og strax sama kvöld ef pöntun berst fyrir kl. 17:00. Pantanir berast strax daginn eftir viðast hvar á landsbyggðinni. Allar pantanir yfir 4.000,- sendar fritt hvert á land sem er.

HEIMKAUP

Nú versla Íslendingar á netinu... á Heimkaup.is!

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

SPURNING DAGSINS



Þórunn, ætlið þið að senda ríki og borg tóninn?

Já, þögnin frá þeim er þrúgandi.

Þórunn Guðmundsdóttir er stjórnarmaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík. Þórunn segir tónlistarskólana skorta fjármagn til að geta haldið starfi sínu gangandi.

Fimm féllu í átökum PKK við herlið um helgina, meðal annars í skothríð í tyrknesku borginni Kars: Enn kljást tyrkneskir hermenn við Kúrda

TYRKLAND Átök Tyrkjahers við verkamannaflokk Kúrda (PKK) héldu áfram um helgina. Tyrkir og Kúrda berjast við Íslamska ríkið en einnig innbyrðis.

Einn tyrkneskur hermaður féll í gær eftir skotbardaga í tyrknesku borginni Kars í norðausturhluta landsins. Þá féllu þrjú aðfaranótt laugardags í borginni Daglica, nærri landamærum Tyrklands og Íraks, og einn almennur borgari féll um nóttina þegar hann varð fyrir skoti í bardaga hersins við Kúrda í suðausturhluta landsins.

Frá því Tyrkir fóru af fullum krafti í stríðið gegn Íslamska ríkinu og verkamannaflokki

Kúrda hafa fjórutfu tyrkneskir hermenn fallið fyrir hendi Kúrda. Á sama tíma hafa um fjögur hundruð hermenn Kúrda fallið fyrir hendi Tyrkjahers, meirihlutinn í loftárásum.

Andstæðingar ríkisstjórnar forsetans Recep Tayyips Erdogans hafa sagt ríkisstjórnina nota átökin við Kúrda til að tryggja sér fylgi tyrkneskra þjóðernishyggjumanna til að lágmarka áhrif lýðræðisflokks Kúrda á Tyrkjaþingi.

Flokkur Erdogans, AK, hlaut hins vegar ekki meirihluta á þinginu í nýafstöðnum kosningum og hafa stjórnarmyndunarviðræður siglt í strand. Stjórnmalaskýrendum þykir líklegt að kosið verði aftur fljótlega.



UMDEILDUR Andstæðingar Recep Tayyips Erdogans, forseta Tyrklands, saka hann um að kljást við Kúrda í pólitískum tilgangi. NORDICPHOTOS/AFP

Týndist með 54 innanborðs: Fundu flak flugvélarinnar

INDÓNESÍA Flak farþegaflugvélar Trigana Air fannst á Indónesíu-hluta eyjunnar Papúu í gær. Vélin missti samband við stjórnstöð um klukkan þrjú að staðartíma.

Fimm voru í áhöfn vélarinnar sem hrapaði og 49 farþegar, þar af fimm börn. Ekki er vitað hvort nokkur hafi komist lífs af. „Íbúar á svæðinu tilkynntu um að vélin hefði hrapað á Tangok-fjalli,“ sagði í tilkynningu frá flugyfirvöldum á eyinni. Tíu flugvélar Trigana Air hafa hrapað og eyðilagst frá 1991 og er félagið á svörtum lista ESB.



HUGMYNDIR KYNNSTAR Samkvæmt Landsneti fer best á því að setja um 50 km af línunni á miðhálandinu ofan í jörðina þannig að hún raski ekki upplifun ferðamanna á ósnortnu víðerni hálandisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill raflínu um Sprengisand

Landsnet vill leggja háspennulínu þvert yfir hálandið og styrkja byggðalínu á Norður- og Austurlandi. 50 km af línunni gætu farið í jörð á miðhálandinu. Nokkrir kostir skoðaðir sem allir hafa neikvæð umhverfisáhrif.

ORKUMÁL Landsnet kynnti á föstudaginn var kerfisáætlun sína til næstu tíu ára. Leggur stofnunin til að lögð verði 220kV háspennulína þvert yfir hálandið og byggðalínan á Norður- og Austurlandi styrkt til þess að tryggja flutning á orku alls staðar á landinu. Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, telur þessa umsvifamiklu vinnu hafa skilað sér í góðum tilögum.

Í kerfisáætluninni skoðaði Landsnet tvær mismunandi leiðir á nýu ólíka vegu. Annars vegar að styrkja byggðalínuna hringinn í kringum landið og hins vegar að leggja nýja háspennulínu yfir Sprengisand.

Allar þær tillögur sem Lands-

net kannaði höfðu neikvæð áhrif á umhverfislæga þætti, þó misjafnlega eftir leiðum.

„Niðurstaða matsvinnunnar er að allir nýu kostirnir sem voru til skoðunar koma til með að valda neikvæðum eða verulegum neikvæðum áhrifum á land, landslag og ásjúnd og/eða lífríki. Áhrifin eru ólík milli leiða, en meginmunur liggur þó í því hvort flutningsleið fari um hálandið eða meðfram núverandi byggðalínu,“ segir í skýrslu Landsnets.

Sú uppbygging sem kom best út að mati Landsnets gerir ráð fyrir að hægt verði að setja um 50 km af línunni á miðhálandinu ofan í jörðina þannig að hún raski ekki upplifun ferðalanga á ósnortnu víðerni hálandisins.

„Byggt á faglegum viðmiðum, með tilliti til tæknilegra, umhverfislegra og hagrænna sjónarmiða þá telur Landsnet að leið frá Suður-

landi til Norðurlands um Sprengisand komi best út. Til þess að draga úr sýnileika línunnar á miðhálandinu, þá er mögulegt að leggja jarðstreng á allt að 50 km kafla. Miðað við aðra valkosti kann þessi leið að vera hagkvæmari en byggðaleiðin og leiða til víótækari sáttar um framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins,“ segir Guðmundur Ingi.

Sverrir Jan Norðfjörð, deildarstjóri kerfisþróunar Landsnets, kynnti niðurstöður Landsnets á fundinum síðastliðinn föstudag. Sagði hann núverandi ástand í flutningi raforku milli landshluta óviðunandi. Ekki væri með góðu móti hægt að flytja raforku þar sem byggðalínan, sem liggur hringinn í kringum landið, er fulllestuð, að hans sögn. Líkti hann núverandi stöðu við rútu á vegi og að öll sæti væru nú þegar upptekin. Ef einhver þyrfti á raforku að halda til uppbyggingar atvinnu í lands-

“Niðurstaða matsvinnunnar er að allir nýu kostirnir sem voru til skoðunar koma til með að valda neikvæðum eða verulegum neikvæðum áhrifum á land, landslag og ásjúnd og/eða lífríki.

Úr skýrslu Landsnets.

byggðunum væri undir hælinn lagt hvort hægt væri að flytja raforku á svæðið.

Sverrir benti á að í rauninni væri flutningur á raforku líkur flutningum á mannfólki. Núverandi byggðalína væri eins og fyrstu þjóðvegir landsins. Munurinn væri hins vegar sá að mikið hefur áunnist í uppbyggingu vegakerfisins en byggðalínan væri barn síns tíma.

sveinn@frettabladid.is



VINNUSKÓLINN Grænfáninn er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt.

Vel staðið að ruslaflokkun:

Vinnuskólinn fær Grænfánann

HAFNARFJÖRÐUR Vinnuskóli Hafnarfjarðar ákvað í sumar að innleiða Grænfánann, alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni.

Nú flokkar Vinnuskólinn allt rusl og nýtir matarafgangna til moltugerðar.

Umhverfistöpur skipaður ungu fólki var stofnaður og stóð hópurinn fyrir fræðslu fyrir starfsmenn Vinnuskólans og voru meðal annars með fræðslu í mótuneyti starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

Í byrjun júní 2016 þegar starf Vinnuskólans hefst að nýju verður haldin Grænfánahátíð.



SVERRIR JAN NORÐFJÖRÐ

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á töbaksfíkn er lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarferseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfóki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ónæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfjum. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring eða ef þú hefur ekki tekið að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmí. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtans skaltu huga minni skammti í staðinn. Tyggðu hægt þar til finnst sterkir bragð, láttu tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggðu aftur þegar bragðið dofna, endurtakandi í um 30 mínútur. Ekki má kynna lyfjatyggigúmmíni. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. Fresti þegar þú finnur fyrir reykingþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mætt ekki nota lyfið en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar af smáskilgripum er venjulega 12 til 16 vikur. Þú skalt draga úr fjölda sigarettar til þess að þú getur hætta að reykja. Laðandi faglegar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjatyggigúmmí er þú getur ekki hætta að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þú tekst ekki að fækka fjölda reyktar sigarettar eftir 6 vikur. Reykingum skal hætta um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegar ráðgjafar ef ekki hefur tekið að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfarðu þig við lækni eða lyfjatyggigúmmí áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur fengið einhverja hjarta eða aðalsjúkdöma, sjúkurski, óvirkkan skjaldkirtill/njmahattur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lífrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurbrauni 12a, 210 Garðabæ



Opinn fundur með Kathrine Switzer

Jafnrétti er langhlaup

Íslandsbanki býður til opins hádegisfundar með Kathrine Switzer í Silfurbergi í Hörpu fimmtudaginn 20. ágúst kl. 12.00.

Kathrine Switzer öðlaðist heimsfrægð þegar hún breytti íþróttasögunni og hljóp Boston-marathon árið 1967 í óþökk skipuleggjendanna. Með því bylti hún stöðnuðum hugmyndum um getu og rétt kvenna til þess að taka þátt í langhlaupum. Á fundinum segir hún okkur frá þátttöku sinni og baráttu í bráðum hálföld og tekur að því búnu þátt í umræðum um jafnréttisbaráttuna fyrir og nú.

Aðgangur er ókeypis og er fundurinn öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

Skráðu þig á islandsbanki.is og tryggðu þér sæti.



Árið 1967 skráði **Kathrine Switzer** sig til þátttöku í Boston-marathoninu sem K.V. Switzer og hljóp það fyrst kvenna þótt konum væri þá meinuð þátttaka í langhlaupum! Switzer er sérstakur gestur okkar í tengslum við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka.

Hrefnu á grunnslóð fækkar mikið

Í byrjun vikunnar lauk hvalatalningum sem Hafró hefur stundað í sumar. Reglubundnar talningar hafa staðið frá 1987. Síðustu tvo áratugi hafa talsverðar breytingar átt sér stað í fjölda og útbreiðslu hvala við landið. Beðið er grænlenkra gagna. Langreyðum hefur fjölgað.

DÝRALÍF Ný hvalatalning Hafrannsóknastofnunar (Hafró) leiðir í ljós að talsverðar breytingar hafi orðið í fjölda og útbreiðslu hvala við landið síðustu tuttugu ár.

Fram kemur á vef Hafró í gær að 10. ágúst hafi lokið víótækum hvalatalningum, sem fram fóru í samstarfi við nágrannaþjóðir við Norður-Atlantshaf. Skipulagning talninganna er á vettvangi Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins, NAMMCO.

„Talningum Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga er nú lokið, en grænlenka hluta talninganna lýkur ekki fyrr en í september,“ segir þar, en talningarsvæðið nær í heild yfir svæðið frá Vestur-Grænlandi í vestri, um Ísland og til Norðs í austri. Talningin ná þannig yfir meginhluta sumarútbreiðslu-svæðis helstu stórhvalastofna í Mið- og Norðaustur-Atlantshafi.

„Talningar sem þessar fóru fyrst fram árið 1987 og voru síðan endurteknar árin 1989, 1995, 2001 og 2007,“ segir í umfjöllun Hafró. Meðal breytinga á fjölda og útbreiðslu hvala við landið síðustu tvo áratugi er að langreyði hefur fjölgað talsvert, sérstaklega vestur af landinu. „Á grunnslóð hefur hrefnu hins vegar fækkað mikið síðan 2001, en mikil fjölgun hefur orðið í stofni hnúfubaks við landið undanfarna áratugi.“

Auk þess að vera megingrundvöllur ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar um ástand, veiðipól og verndun hvalastofna við landið,



RISAR HAFSINS Á Hvalasafninu í Reykjavík er að finna eftirmyndir í raunstærð af hvólum þeim sem er að finna í hafinu við Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Á grunnslóð hefur hrefnu hins vegar fækkað mikið síðan 2001, en mikil fjölgun hefur orðið í stofni hnúfubaks við landið undanfarna áratugi.“

Úr umfjöllun Hafrannsóknastofnunar.

eru talningarnar sagðar mikilvægur hluti vöktunar á vistkerfi hafsins. Alls tóku þátt í talningunni fjögur skip og þrjár flugvélar, þar af tvö skip og ein flugvél af Íslands hálfu. Fram kemur að veður hafi að hluta til verið óhagstætt við talninguna, sér í lagi við flugtalningu sem fram fór frá 20. júní til 19. júlí.

→ Tegundir sem sást

Í hvalatalningum Hafró í sumar sást eftirfarandi hvalategundir: Steypireyður, langreyður, sandreyður, hrefna, hnúfubakur, búrhvalur, andarnefja, háhyrningur, marsvín (grindhvalur), leiftur, hnýðingur, rákahöfrungur, svínhvalir og hnísa.

Þá segir Hafró að fyrir dyrum standi umfangsmikil úrvinnsla gagna úr leiðangri þátttökuþjóðanna. „Munu endanlegar niðurstöður talninganna liggja fyrir í vetur, en þær verða lagðar fyrir vísindanefndir Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO).“

oligr@frettabladid.is



HREFNAN SKOTIN Hrefnu hefur fækkað mikið á grunnslóð síðan 2001 og gerir enn, eins og kemur fram í hvalatalningu Hafró. Áhöfnin á Hrafnreyði skaut þessa hrefnu árið 2012.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



ÁRNI FRÍÐRIKSSON Hafrannsóknaskipin Árne Friðriksson og Bjarni Sæmundsson töldu hvali í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Innovation that excites

NISSAN FJÖLSKYLDAN BÝÐUR UPP Á SPENNANDI NÝJUNGAR



NÝR NISSAN NOTE

ACENTA, BENSÍN, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 4,7 L/100 KM*

2.750.000 KR.

NÝR NISSAN PULSAR

ACENTA, BENSÍN, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 5,0 L/100 KM*

3.490.000 KR.

*Miðað við uppgæfnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA
SVONA DÝRT AÐ
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ
MÆLABORÐIÐ SÉ
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ
SÆTTA SIG VIÐ
SKELLUR OG RISPUR?

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN C4 CACTUS

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneynnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli
Citroën og Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



CITROËN

SVONA ERUM VIÐ



363 loftfar voru skráð árið 2014 á Íslandi.

Árið 1984 var hins vegar 221 loftfar skráð á Íslandi.

Vinsælasta forsetaefni Repúblikana kynnr áætlun sína til þess að stemma stigu við innflytjendum:

Trump borgar vegginn með Mexíkóatolli

BANDARÍKIN Donald Trump ætlar að láta Mexíkó borga fyrir vegg á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna. Trump, sem sækist eftir útnefningu Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum til forsetaframbóðs, hefur mikið verið spurður hvernig hann hyggist gera það og kynnti hann áform sín í gær.

Auðjófurinn hyggst stórhækka gjöld sem Mexíkóar þurfa að greiða þegar þeir fara yfir landamærin og borga þannig upp vegginn ef mexíkóska ríkisstjórnin samþykkir ekki að borga vegginn.

Þar að auki sagði Trump í viðtali við NBC að hann hygðist draga til baka allar áætlanir núver-

andi forseta, Baracks Obama, er varða innflytjendamála. Trump var þó hvergi nærri hættur að tala um innflytjendamála en hann sagðist einnig ætla að vísa öllum ólöglegum innflytjendum úr landi, næði hann kjöri.

Ef tollarnir duga ekki til segist Trump ætla að hækka hafnargjöld sem mexíkósk skip greiða í Bandaríkjunum og skera á alla fjárhagsaðstoð sem Bandaríkjamenn veita Mexíkóum.

„Mexíkóska ríkið hefur tekið Bandaríkin í bakaríði. Það ber ábyrgð á innflytjendavandanum og því ber að leysa hann,“ sagði Trump. Trump nýtur nú fylgis um 22 prósentu kjósenda Repúblikanaflokksins.



VEGGUR Donald Trump ætlar að reisa vegg til að halda ólöglegum innflytjendum úti.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



BAGALEGT Sveinn Allan Morthens segir ástandið í Gistiskýlinu bagalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafa þurft að vísa mönnum frá vegna plássleysis:

Segir ástandið vera mjög slæmt

VELFERÐARMÁL „Það ástand hefur komið og verið núna í vor að það hefur fyllst hjá okkur hvað eftir annað. Við höfum þurft að vísa mönnum frá, sem er náttúrulega bagalegt því þessir menn hafa ekki í mörg úrræði að vanda,“ segir Sveinn Allan Morthens, forstöðumaður Gistiskýlisins á Lindargötu.

Pláss er fyrir 29 manns í Gistiskýlinu með því að bæta aukadýnum við en undanfarið hefur þurft að vísa frá á nánast hverju einasta kvöldi einum og upp í sex manns. Hann segir borgina bjóða upp á

góða þjónustu fyrir þennan hóp en að vandinn sé líka tilkominn vegna þess að ýmsir nýti sér Gistiskýlið sem búsetuúrræði en ekki neyðarathvarf.

„Það eru að myndast svona tappar, eldri einstaklingar sem hafa verið að nýta sér Gistiskýlið í Þingholtsstræti og svo hérna sem líta á þetta sem heimili sitt, kannski eðlilega, þeir hafa ekki í önnur hús að vanda.“ Sveinn segir mikilvægt að koma upp betri meðferðarúrræðum til þess að hjálpa þessum hóp. -vh

1.500 manns í Traiskirchen-flóttamannabúðunum í Austurríki:

Illa skipulagðar flóttamannabúðir

AUSTURRÍKI Mannréttindasamtökin Amnesty International segja að Traiskirchen-flóttamannabúðirnar í Austurríki séu til skammar og aðstæður þar séu ómannúðlegar. Traiskirchen eru stærstu flóttamannabúðir Austurríkis.

Fimmtán hundruð manns sofa þar undir berum himni og eru búðirnar sagðar vera óþrifalegar og illa skipulagðar.

Innanríkisráðuneyti Austurríkis segist vera að vinna að því að bæta aðstæður í búðunum. Samkvæmt frétt BBC segist ráðuneytið eiga í vandræðum vegna fjölgunar hælisleitenda í Austurríki.



FLÓTTAMANNABÚÐIR Innanríkisráðuneyti Austurríkis segist vera að vinna í því að bæta aðstæður í búðunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Heinz Pazelt hjá Amnesty í Austurríki segir búðirnar vera til skammar fyrir ríkt land eins og Austurríki. -ngy

Um 1.500 mættu til þess að berja flugeldasýninguna augum



Á JÖKULSÁRLÓNI Björgunarfélag Hornafjarðar hélt sína árlegu flugeldasýningu á Jökulsárlóni á laugardaginn. Í ár var sýningin haldin í tíunda skipti og mættu mun fleiri en undanfarin ár, alls um 1.500 talsins.

MYND/SINDRI REYR EINARSSON



Að lifa í jafnvægi

Holl fæða hjálpar okkur að skapa stöðugleika í líkamanum og lífinu.


ABT vörurnar fást í handhægum og þægilegum umbúðum og henta vel sem morgunverður eða millimál.

LIF ANDI JAFNVÆGI

SKIPTI BÆKUR




NOTUÐ BÓK
1.999 kr



NOTUÐ BÓK
3.299 kr



NOTUÐ BÓK
1.199 kr



NOTUÐ BÓK
1.999 kr



NOTUÐ BÓK
999 kr



NOTUÐ BÓK
2.399 kr




NOTUÐ BÓK
899 kr



Stílabók
358 kr
5 stk í pakka

Reikningsbók
358 kr
5 stk í pakka

VILDARTILBOÐ
5x í pakka
1.789
áður 2.745 kr



Stílabók
639 kr
Fagskiptar

Stílabók A5
559 kr
Fagskiptar

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Verð og vildarverð gilda 17. ágúst. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Íbúi í hverfinu fann barnið: Fann nýfætt barn í plastpoka

DANMÖRK Nýfætt stúlkubarn fannst í plastpoka á milli tveggja ruslagáma í Kaupmannahöfn á laugardaginn.

Íbúi í hverfinu fann barnið og kallaði strax eftir aðstoð lögreglu.

Barnið var á lífi og var líðan þess góð eftir atvikum. Það var flutt umsvifalaust á sjúkrahús.

Lögreglan í Kaupmannahöfn telur að það hafi ekki legið lengur en í einn sólarhring í pokanum og segja lækna að það sé tveggja sólarhringa gamalt.

- ngy

Hollenskir þingmenn voru kallaðir aftur úr sumarfrí til að greiða atkvæði:

Munu kjósa um neyðaraðstoð

HOLLAND Allir 150 þingmenn neðri deildar Hollandsþings voru í gær kallaðir úr sumarfrí til að ræða og kjósa um nýjan neyðaraðstoðarsamning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu við Grikki. Umræðurnar hefjast á miðvikudag.

Fjármálaráðherrar ríkja evrusvæðisins samþykktu á föstudaginn að veita Grikkjum 86 milljarða evra lán eftir að Grikkir samþykktu skilyrði lánardrottanna. Nú þurfa hins vegar nokkur

þjóðþing evrusvæðisins að samþykkja lánveitinguna. Búist er við því að stjórn forsætisráðherra Hollands, Mark Rutte, mæti mikilli mótspyrnu stjórnarandstöðunnar í landinu. Stjórnarandstaðan er andvíg frekari lánveitingum.

Hollendingar, líkt og Þjóðverjar, hafa verið einna harðastir í garð Grikkja og beittu sér gegn því að hluti skulda Grikkja yrði felldur niður nýverið eins og Grikkir og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kröfðust.

- þea



UMRÆÐUR Mark Rutte stólar á að hollenska þingið samþykki lán til Grikkja.

NORDICPHOTOS/AFP

Maður sofnaði á skemmtistað: Læstist inni á skemmtistað

LÖGREGLAN Maður hafði samband við lögreglu klukkan sjö í gærmorgun vegna þess að hann var læstur inni á skemmtistað við Austurstræti.

Í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir að maðurinn hafi sofnað á veitingastaðnum um nóttina eftir drykkju og þegar hann vaknaði var partífið búið, staðurinn lokaður og allir farnir heim.

Maðurinn var aðstoðaður við að komast út af staðnum.

- ngy



PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON Pétur starfar nú að íslenski dagskrárgerð hjá 365.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vinnur nú þegar að þáttum: Pétur Jóhann ráðinn til 365

Pétur Jóhann Sigfússon hefur verið ráðinn til 365 og mun starfa að íslenski dagskrárgerð hjá miðinum.

Pétur Jóhann vinnur nú þegar að sjónvarpsþáttum í samvinnu við Jón Gnarr. Þættirnir bera vinnuheitid Borgarstjórnin og þar mun hann leika aðstoðarmann borgarstjórnans í Reykjavík sem leikinn verður af Jóni. Þættirnir verða sýndir á Stöð 2 haustið 2016.

„Ég hlakka mikið til að fá Pétur Jóhann til samstarfs. Við vinnum að því að efla og styrkja vandaða íslenska dagskrárgerð og þar gegnir hann lykilhlutverki,” segir Jón Gnarr, ritstjóri innlendir dagskrár hjá 365.

- ngy

Styrkir fyrir Menningarnótt: Styrkja um þrjár milljónir

REYKJAVÍK Þrjár milljónir króna voru á miðvikudag veittar úr Menningarnæturpotti Landsbankans til 32 verkefna og viðburða sem fram fara á Menningarnótt.

Menningarnæturpottur er samstarfsverkefni Landsbankans og Höfuðborgarstofu en bankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Allur fjárstuðningur Landsbankans rennur beint til listamanna og hópa sem koma fram á hátíðinni. Þetta er í sjötta sinn sem styrkir eru veittir úr Menningarnæturpottinum.

- ngy

Vilt þú gefa egg?

Með því að gefa egg getur þú hjálpað annarri konu/pari að uppfylla drauma sína að verða foreldrar.

Ef þú vilt leggja okkur lið þá er númer okkar hjá Art Medica 1322. Hjúkrunarfræðingar Art Medica veita fúslega allar nánari upplýsingar áður en ákvörðun um eggjöf er tekin.

www.artmedica.is

Ef margar konur svara þessu kalli verður hægt að hjálpa fleiri þörum.



thorgnyr@frettabladid.is

Corbyn sigurstranglekastur

Formannskjör í verkamannaflokki Bretlands er hafið. Fjórir frambjóðendur keppast um atkvæðin. Sá sem í upphafi þótti ólíklegastur nýtur nú mests fylgis. Fjöldi á kjörskrá hefur þrefaldast frá því í maí síðastliðnum.

BRETLAND Formannskjör í verkamannaflokki Bretlands stendur nú yfir, en það hófst á föstudaginn. Kjörinu lýkur tíunda september næstkomandi og verða úrslitin kynnt tveimur dögum síðar.

Kjorið fer fram í kjölfar afsagnar Eds Miliband, fyrrverandi formanns, sem sagði af sér vegna ósigurs flokksins í þingkosningunum í maí síðastliðnum. Á meðan beðið er eftir nýjum formanni gegnir varaformaðurinn, Harriet Harman, formannsembættinu.

Frambjóðendurnir sem gefa kost á sér til formanns eru fjórir; Andy Burnham, Jeremy Corbyn, Yvette Cooper og Liz Kendall. Þegar fylgismælingar hófust þótti Burnham vinsælastur, en nafn Corbyn var hvergi að finna í skoðanakönnunum. Nú mælist hann hins vegar með 46 prósent fylgi, rúmlega tvöfalt meira en Burnham.

Hugmyndir Corbyns hafa ekki fengið mikinn hljómgrunn á síðustu árum en hann er ötull talsmaður félagshyggju og þjóðnýtingar. Frá því Tony Blair gegndi formannsembætti hefur flokkurinn fært sig lengra til hægri en nú virðist sem margir hafi fengið nóg og vilji hverfa aftur til vinstri.

Frá því kosningabaráttan hófst hefur fjöldi þeirra sem eru á kjörskrá farið úr 200.000 manns og upp í rúm 610.000. Á síðasta degi skráninga einum bættust við um 160.000 manns.

Stóraukinn fjöldi kjósenda er umdeildur. Þingmaður flokksins, John Mann, kallaði eftir því að kosningarnar yrðu settar í salt eftir að blaðamaðurinn Toby Young skrifaði grein í dagblaðið Telegraph þar sem hann hvatti kjósendur Íhaldsflokksins til að skrá sig í Verkamannaflokkinn og kjósa Corbyn. Young, líkt og fjöldi stjórnmalaskýrenda í Bretlandi, telur Corbyn ólíklegastan til að færa flokknum sigur í næstu þingkosningum.

Burnham og Kendall hafa hins vegar sagt opinberlega að engar sannanir séu fyrir því að aðrir flokkar séu að reyna að hafa áhrif á útkomu formannskjörsins. Þá hefur Corbyn sjálfur sagst einungis vilja atkvæði „alvöru stuðningsmanna flokksins“.

Corbyn nýtur hins vegar gífurlegra vinsælda sem má að miklu leyti rekja til þess að hann talar gegn hinum ríkustu og fyrir auknum jöfnuði. Auk þess leggur hann megináherslu á að ekki skuli skera niður í ríkisrekstri.

Vinsældirnar hafa komið Corbyn í opna skjöldu en hann hugðist í fyrstu ekki einu sinni bjóða sig fram. „Ég býð mig fram í ljósi yfirþyrmandi óska meðlima Verkamannaflokksins sem vildu sjá fjölbreyttari hóp frambjóðenda og alvöru umræðu um framtíð flokksins. Ég býð mig fram til að ljá flokksmönnum rödd,“ sagði Corbyn þegar hann tilkynnti framboð sitt í júní.



VINSÆLL Corbyn er í yfirburðastöðu í formannsslag Verkamannaflokksins í Bretlandi. Hann mælist með rúmlega tvöfalt meira fylgi en næsti maður.

NORDICPHOTOS/AFP

→ Jeremy Corbyn

Jeremy Corbyn hefur setið á breska þinginu í 32 ár. Hann er lengst til vinstri af frambjóðendum og þótti í upphafi ólíklegur til að ná formannskjöri. Corbyn er hernaðarandstæðingur, andvígur kjarnorkuvopnum, styður sjálfstæði Palestínu og aukin umsvif ríkisins í atvinnulífnum. Hann hefur hins vegar sótt í sig veðrið og þykir nú sigurstranglekastur.

Fylgi: 46 prósent*

*Samkvæmt könnun YouGov og London Evening Standard



→ Yvette Cooper

Yvette Cooper hefur setið á þingi frá árinu 1997, í átján ár alls. Hún gegnir embætti innanríkisráðherra stjórnarandstöðunnar og gagnrýnir stefnu innanríkisráðherra ríkisins. Yvette var áður aðstoðarmaður Gordons Brown þegar hann gegndi embætti fjármálaráðherra Bretlands. Cooper varð fyrsta konan til að gegna embætti aðstoðarmanns fjármálaráðherra.

Fylgi: 20 prósent*



→ Andy Burnham

Andy Burnham hefur setið á þingi frá árinu 2001. Hann gegnir nú embætti heilbrigðisráðherra stjórnarandstöðunnar og gagnrýnir í því hlutverki stefnu heilbrigðisráðherra ríkisins. Hann er mannréttinda- og alþjóðahyggjusinni og ötull talsmaður gegn þjóðernishyggju. Burnham nýtur nú næstmests fylgis á meðal frambjóðenda.


Fylgi: 21 prósent*



→ Liz Kendall

Liz Kendall hefur setið á þingi frá árinu 2010 og hefur þar af leiðandi minnsta reynslu af þingstörfum á meðal frambjóðenda. Hún gegnir embætti velferðarráðherra stjórnarandstöðunnar og gagnrýnir í því starfi stefnu velferðarráðherra ríkisins. Kendall nýtur minnsts fylgis á meðal frambjóðendanna og þykir því ólíklegust til sigurs.

Fylgi: 12 prósent*



SKIPULAG

fyrir skólann
á betra verði



Bréfabindi

499 kr



Skóla-
dagbók

1.399 kr

Skóla-
dagbók

999 kr



Gorma-
stílabók A4

249 kr



Skrúf-
blýantur

199 kr



Teygjumappa
úr pappa

279 kr



Gatapokar

228 kr

Pennaveski

789 kr



Blýantur

199 kr



Sirkill

399 kr



Gráðubogi

99 kr



Reglustika

99 kr



Vasa-
reiknir

999 kr



Gildir til 18. ágúst á meðan birgðir endast.

Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Stórasta hátíðin í öllum heiminum

Ísland er ekki lítið land. Ísland er stórasta land í heimi,“ sagði Dorrit Moussaieff forsetafrú á tilfinningaþrungnu augnabliki í lífi lítillar þjóðar. Karla-landsliðið í handbolta var nýbúið að tryggja sér sæti í úrslitaleik Ólympíuleikanna og það er ekki lítið afrek fyrir litla þjóð. Þessi ummæli vöktu mikla gleði í stóru hjarta lítillar þjóðar. Ekki vegna þess að þau væru mælt á örliðið bjagaðri íslensku heldur fremur vegna þess að Dorrit sagði að við værum stór. Fátt gleður smáþjóðina meira en að vera stór.

Magnús Guðmundsson

magnus@frettabladid.is



Íslenska þjóðin hefur líka haft ófá tækifærin í gegnum tíðina til þess að gleðjast yfir afrekum sínum á alþjóðlegum vettvangi íþróttta, lista og menningar. Það er eitthvað sem við megum með sönnu vera stolt af í alla staði. En

einmitt vegna þess að við erum smáþjóð.

Engu að síður virðumst við endalaust finna hjá okkur þörf til þess að reyna að hafa alla hluti sem stærsta og mesta. Við viljum til dæmis halda eins stórar hátíðir og veislur og mögulegt er með það að meginmarkmiði að gefa þeim nú ekkert eftir, þessum veislum úti í hinum stóra heimi. Menningarnótt í Reykjavík er ágætis dæmi um þetta.

Menningarnótt í Reykjavík er um margt vel heppnuð hátíð. Uppfull af alls konar skemmtilegum list- og menningarviðburðum þar sem allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. En hún er líka ágætis dæmi um það hvernig það sem er stórt og fyrirferðarmikið tekur yfir það sem er lítið og skemmtilegt. Fyrstu árin einkenndist Menningarnótt af því að borgarþáttar, sem og aðrir gestir, gátu lagt leið sína í miðbæinn til þess að njóta fjölda smárra en skemmtilegra listviðburða.

En smátt og smátt virðist blessuð minnimáttarkenndin hafa náð í skottið á okkur og í seinni tíð virðist vera aukin áhersla á risatónleika sem ríkisstofnun stendur fyrir af einhverjum ókunnnum ástæðum. Að ógleymdri flugeldasýningu sem er kannski í boði stórfyrirtækis. Það er dálítill synd hvað okkur gengur illa að halda í fegurðina og gleðina sem býr í hinu smáa og sjálfsprottna.

Í þessu smáa og sjálfsprottna felast nefnilega verðmæti sem vert er að hlúa að. Tónleikar í bakgarði og myndlistasýning á miðri götu eru nefnilega frábær vettvangur fyrir fjölskylduna til þess að njóta samveru og eiga góðar stundir. Vettvangur sem hefur heilmargt fram yfir fyrirferðarmikla tónleika á Arnarhóli þar sem allt er keyrt í botn, foreldrar ríghalda í börnin í mannþrönginni og unglíngarnir eru fyrir löngu farnir fyrir framan sviðið að reyna að ná söga í sig síðustu útihátíðartóna sumarsins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rörfastur ráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur haft í nógu að snúast eftir að Rússar gerðu það sem legði hefur í loftinu í rúmt ár og bættu Íslandi á lista yfir lönd sem þeir beita viðskiptabanni. Löndin á honum eru einmitt löndin sem beita Rússa viðskiptabanni. Gunnar Bragi var býsna beinskeyttur þegar fréttastofa 365 spurði hann út í kröfu útgerðarinnar um að stuðningur Íslands við viðskiptabann á Rússa yrði endurskoðaður. Ráðherrann skaut föstum skotum á útgerðina og sakaði hana um að taka eigin hagsmuni umfram hagsmuni heildarinnar. Það gæfi honum tilefni til að spyrja sjálfan sig „hvort þeir sem taka eiginhagsmuni umfram

heildarhagsmuni séu bestu aðilarnir til að fara með auðlindirnar“. Hér er hátt reitt til höggs. Þeir sem ekki sjá heildarhagsmunina, ástæðuna fyrir viðskiptabanninu á Rússa, eru varla traustsins verðir.

Á þó ekki við um ESB

Þetta eru athyglisverðar yfirlýsingar, ekki síst í ljósi þess að deginum áður hafði Gunnar Bragi sagt að fyllsta ástæða væri til að ræða afstöðu Íslands í málefnum Rússa ef Evrópusambandið yrði ekki við þeirri beiðni að lækka innflutningstolla á íslenskar sjávarafurðir. Þar tók Gunnar Bragi undir með Jóni Gunnarssyni, formanni atvinnuveganefndar, sem vakti máls á þessu.



Sjálfsnuprun?

Mögulega er Gunnar Bragi að snupra sjálfan sig, því trauðla er annað hægt en að setja samasemmerki á milli afstöðu hans og Jóns annars vegar og útgerðarinnar hins vegar. Jón og Gunnar vilja að við græðum meiri peninga á að selja fiskinn okkar til ESB og ef það gengur ekki eru þeir tilbúnir til að endurskoða afstöðu Íslands til yfiringangs Rússlands. Utgerðin vill græða meiri peninga á að selja fiskinn okkar til Rússlands og ef það gengur ekki er hún tilbúin til að endurskoða afstöðu Íslands til yfiringangs Rússlands. Kannski er þetta kommúnísk sjálfsgagnrýni hjá ráðherranum.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Leitum sameiginlegra lausna

UTANRÍKISMÁL



Kolbeinn Arnason framkvæmdastjóri LÍU

Óskir Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hafa snúið að því að stjórnvöld taki tillit til íslenskra viðskiptahagsmuna en fela ekki í sér kröfu um breytingar á utanríkisstefnu Íslands.

Við teljum að það sé sjálfsgöð krafa að stjórnvöld efni til umræðu um aðgerðir sem snerta jafn mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar og íslenskur sjávarútvegur gerir.

Við gerum okkur grein fyrir því að málið er ekki einfalt og snertir víða hagsmuni. Hins vegar er það svo að áhrifin hitta okkur Íslendinga sérlega harkalega fyrir vegna þess hve samofnir hagsmunir Íslendinga og sjávarútvegsins eru.

Þær viðskiptaþvinganir sem Rússar eru beittir af hálfu Evrópusambandsins og Bandaríkjanna snerta fá svið. Þær ganga út á það að Rússum verði ekki seld hergögn, að eignir ákveðinna einstaklinga séu frýstar og að komið sé í veg fyrir fjármögnun sumra fjármálastofnana í Rússlandi. Ekkert þessara atriða snerta Ísland.

Viðbrögð Rússa við þessum aðgerðum eru að loka á innflutning á matvælum og það hittir Íslendinga hins vegar mjög illa fyrir. Mér er það til efs að nokkurt annað land verði fyrir jafn alvarlegum efnahagslegum afleiðingum þessara viðskiptaþvingana sem önnur lönd hönnuðu á grundvelli sinna hagsmuna. Þannig sáum við nýlega fréttir af því að

þýska fyrirtæki Siemens var að gera 40 ára þjónustusamning við rússnesk járnbrautafyrirtæki, áfram selja Rússar gas til Evrópu og svo mætti áfram telja.

Hagsmunir Íslendinga í þessu máli tengjast ekki einungis hagsmunum nokkurra fyrirtækja í sjávarútvegi. Þeir varða þjóðarhag. Í húfi er fjöldi starfa, gjaldeyrisöflun þjóðarþúsins, afkoma sveitarfélaga víða um land, afkoma fyrirtækja sem skila samfélaginu stórum hluta tekna sinna sem við byggjum velferð okkar á.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki horfa ekki bara til næsta ársreiknings, þau hafa á undanförunum árum lagt í gríðarlega fjárfestingar á skipum og vinnslum til að geta eflst og stækkað. Til hliðar við þær fjárfestingar hafa tæknigreinar eflst og ýmiss konar vörubróun til að nýta hráefni sem best og skapa þannig aukin verðmæti sem svo nýtast samfélaginu. Þessi sjónarmið hafa fyrirtækin að leiðarljósi í starfi sínu og óska eftir því að það geri stjórnvöld líka. Við hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi höfum ekki áhuga á að því að leggjast í skotgrafahernað við einstaka menn eða ráðuneyti, við gerum okkur vel gæri fyrir því hve flókin stada þetta er. Við óskum hins vegar eftir því að unnið sé í friðsemi að því að gera sem best úr stöðunni og hægt er úr því að komið er með hagsmuni íslensks samfélags að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



SALLY
Fáir sitja betur.
Hægindastóll PU Brandy,
Rio antrazit og ljósgrár.
Stærð: 72x72 H:88 cm.

29.990 kr. -39.980 kr.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Einkavæðing útsýnis

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Frægt er úr stjórn málasöggunni þegar Sveinn Skorri Höskuldsson, þá ungar Framsóknarmaður, gerði úti um möguleika framboðs síns flokks í borgarstjórnarkosningum með því að að skrifa grein í mál gagn ungra Framsóknarmanna þar sem hann líkti Esjunni við fjóshaug. Ætla mætti að þessi sýn hins þingeykska Borgfirðings á Reykjavíkurfjallið ætti sér æsta áhangendur innan borgarskipulagsins. Eða hver er sá maður sem tók þá ákvörðun að fela Esjuna? Hvar er sá hugsjónamaður og hvenær var hann kosinn til að uppfylla það loforð sitt að múra upp í Esjuna?

Samsærið gegn Esjunni

Markvisst hefur verið komið fyrir háhýsum meðfram strandlengju Reykjavíkur í átt til Esjunnar. Til stendur að bæta um betur og reisa kringum Hörpu nokkur risahús til að tryggja í eitt skipti fyrir öll að Esjan sjálf geri engum ónæði sem verður á ferli í miðbæ Reykjavíkur, og að Akrafjall og Skarðsheiði – og sjórinn – trufli ekki þá nautn sem vegfarendur mega hafa af íslenskri nútímabyggingarlist á fögru vorkvöldi. Að ekki sé talað um þau æsilegu ævintýri sem

gefast þeim sem fjúka um í vindstrengjunum kringum háhýsin þegar haustlægdörnar koma.

Sundin blá, sem Tómas orti um, væru enn fegursti hluti Reykjavíkur ef útsýnin til þeirra væri ekki vandlega skipulögð og hönnuð af hinum ötulu Esjuandstæðingum. Þar er grá gata meðfram sjávarsíðunni og grá kassahús sjávarmegin sem forðum hýstu alls konar bílabras og hvergi hægt að sjá yfir þau svo kölluðu hús eða annar litur í boði en sá grámi sem reykvískum skipulagshönnuðum þykir svo þekkilægur.

Sú var tíð þegar ég var lítill stúfur að við Vogabúar gátum gengið niður að sjó og notið þess að horfa á hið unaðslega útsýn yfir Sundin blá en fljótlega sáu borgaryfirvöld að við svo búíð mátti ekki standa – fólk hangandi þarna í iðjuleysi að horfa á sólarlagið eins og fifl, og tóku þá ákvörðun að þessi strandlengja myndi helst henta fyrir vöruskemmur og bílaverkstæði, sem svo sannarlega er góð og gagnleg iðja, en kannski ekki svo göfug að taka þurfi frá undir hana svo dýrmætt land við ströndina.

Útsýni er almannagæði

Af hverju snýr Harpa öfugt? Okkur almennum gestum gefst kostur á því að horfa út á grátt malbik í stað þess að horfa út á Sundin blá; útsýnið er baka til, fyrir skrifstofurnar. Þetta er reyndar alls ekki einsdæmi þegar kemur að því að skipuleggja og hanna hús hér á landi, þar sem stærstu gluggarnir eru

furðu oft látnir snúa út að bílastæði. Þetta hefur maður séð víða um land: og kann að eiga sér þá skýringu að verkfræðingarnir sem hanna þetta geti ekki ímyndað sér neitt ánægjulegra að horfa á en fagurgrátt bílastæði...

Kannski er þetta einhver íslenskur doði gagnvart fegurðinni, andvaraleysi um þau lífsgæði hún veitir; kannski meira að segja andúð á fegurðinni, eins og maður verður oft var við í íslenskri nútíma-húsagerð: sú hugmynd að fegurð sé ekki bara óþörf heldur til þess fallin að spilla okkur og láta okkur hætta að vera svona dugleg eins og við erum.

Og samt höfum við Íslendingar útsýnið í mestum hávegum þegar kemur að því að meta húsnæði og það sem það hefur upp á að bjóða. Alltaf skal það nefnt fyrst: Útsýnið er það dýrmætasta sem Íslendingar geta hugsað sér þegar þeir leggja mat á húsnæði. Það er ekki einungis til að næra augað og hugann með fögrum náttúruformum heldur gefur útsýni líka annað sem mörgum Íslendingum þykir ákaflega mikilsvert: tilfinningu fyrir rými; að sjá vítt; að hafa sitt pláss í tilverunni. Ef eitthvað er eftir af íslenskri þjóðerniskennd einhvers staðar felst hún í þess háttar rýmisskynjun.

Hvað sem öðru líður er Esjan almenningur. Hún er til fyrir sjálfa sig og okkur öll. Hún á að vera í augnfæri fyrir alla Reykvíkinga. Hún er ekkert eins og fjóshaugur; hún er bæjarfjallið í Reykjavík og fólk verður að eiga

Pað er ekki einungis til að næra augað og hugann með fögrum náttúruformum heldur gefur útsýni líka annað sem mörgum Íslendingum þykir ákaflega mikilsvert: tilfinningu fyrir rými; að sjá vítt; að hafa sitt pláss í tilverunni.

Þess kost að kinka til hennar kalli daglega. Það hefur stundum hvarflað að manni að þessi markvissa iðja, að múra upp í Esjuna, sé ekki til komin vegna þess að yfirvöldum þyki hún svo ljót heldur einmitt þvert á móti: það séu mikilsverð gæði að eiga þess kost að sjá hana – og yfir Sundin blá – og þeim gæðum verði að koma með einhverju móti í verð, samkvæmt þeirri ríku hugsjón nútímans að efna til misskiptingar gæða hvar sem henni verður við komið. Og þess vegna sé þessum háhýsum raðað meðfram ströndinni, svo að útsýnið sé einungis í boði fyrir hina útvöldu – sem borga. Frátekið handa þeim ríku. Þetta er einkavæðing útsýnisins. Væri skipulag miðað við almannahag myndi byggðin vera lágrest við ströndina og fara svo hækkandi eftir því sem innar og herra drægi. Hjá okkur er þessu þveröfugt farið. Það fólk sem nú fer með stjórn borgarinnar var kosið til að stöðva þessa öfugþróun.



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma
1817 eða á 365.is

365

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC
verð frá 3.420.000 kr.



Þú kemst lengra en borgar minna

ŠKODA Octavia G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 litra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í staði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

MERKISATBURÐIR

- 1560** Mótmælendatrú er formlega tekin upp í Skotlandi.
- 1819** Jón Árnason þjóðsagnasafnari fæðist.
- 1926** Jiang Zemin, fyrrverandi leiðtogi Alþýðveldisins Kína, fæðist.



- 1943** Robert de Niro leikari fæðist.
- 1945** Indónesía lýsir yfir sjálfstæði.
- 1960** Sean Penn leikari fæðist.
- 1980** Heklugos hefst og stendur yfir í nokkra daga.
- 1988** Muhammad Zia-ul-Haq og Arnold Raphel farast í flugslysi.



DÆGRADVÖL Markmið Kópavogsbæjar með því að bjóða upp á þjónustuna er að stuðla að vellíðan, öryggi og jákvæðri aðlögun barnanna að umhverfi grunnskólanna áður en kennsla hefst.

Sumardvöl í boði fyrir yngstu börnin

Um 400 börn í dægradvöl áður en skóli hefst.

Meira en 400 börn í Kópavogi sem hefja skólagöngu í Kópavogi í haust sækja þessa dagana dægradvöl í skólum sínum. Hugmyndin er að skapa samfellu milli skólalista, börnin útskrifast úr leikskóla fyrir sumarfrí en fá tvær vikur í sumardvöl dægradvalar í skólunum sínum.

Markmið Kópavogsbæjar með því að bjóða upp á þjónustuna er að stuðla að vellíðan, öryggi og jákvæðri aðlögun barnanna að umhverfi grunnskólanna áður en kennsla hefst. Meðal þess sem bryddað var upp á í liðinni viku er sameiginleg Heiðmerkurferð skólarnanna.

Þetta er annað árið í röð sem nemendum í 1. bekk í skólum Kópavogs stendur sumardvölin til boða og segir í tilkynningu að þjónustan hafi mælst vel fyrir. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við sumardvölinni, foreldrar eru ánægðir með að börnin fái að kynna skólaumhverfinu vel áður en skólinn hefst og börnunum finnst þetta spennandi,“ segir Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðstjóri mennta- og sviðs Kópavogsbæjar.

Alls hefja um rúmlega 500 börn nám í 1. bekk í grunnskólum Kópavogs 24. september og nýta tæp 80% sér þjónustu sumardvalar. -jhh

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST 17. ÁGÚST 1977

Thierry Henry kom í heiminn

Knattspyrnumaðurinn vinsæli Thierry Henry fæddist þennan dag árið 1977. Henry spilaði í stöðu framherja. Hann hóf ferilinn hjá Monaco, fór síðan í Juventus og þaðan í Arsenal. Hann spilaði hjá Arsenal í heil átta ár og varð markahæsti leikmaður liðsins frá upphafi. Hann er líka sagður vera upphaldsleikmaður flestra Arsenal-aðdáenda. Þrítugur að aldri var hann seldur til

Barcelona þar sem hann spilaði í þrjú ár. Hann flutti svo til Bandaríkjanna og spilaði með New York Red Bulls í fjögur ár.

Henry átti farsælan feril með landsliði Frakklands. Á meðan hann spilaði með landsliðinu varð Frakkland heimsmeistari árið 1998 og Evrópumeistari árið 2000, auk þess sem Frakkar urðu álfumeistarar árið 2003.



SIGURVEGARAR HJÁ STRÆTÓ Efri röð frá vinstri: Pétur G. P. Árnason, Guðsteinn Valdimarsson, Andrés B. Bergsson, Sigurjón Guðnason, Guðmundur Norðdahl og Guðmundur H. Jónsson. Neðri röð frá vinstri: Magnús Gunnarsson, Jóhann Gunnarsson, Kristján Kjartansson og Hörður Tómasson.

Strætóbílstjórar í sigurför til Noregs

Íslenskir strætóbílstjórar hafa unnið Norðurlandakeppni í ökuleikni ellefu sinnum. Liðstjórinn þakkar íslenska gatnakerfinu fyrir það hversu leiknir Íslendingar eru.

Vagnstjórar hjá Strætó unnu liðakeppnina á árlegu Norðurlandamóti í ökuleikni strætisvagnbílstjóra sem fram fór í Lilleström í Noregi fyrir fáeinum dögum. Á eftir Íslendingum urðu Norðmenn í öðru sæti á mótinu og Finnar hlutu brons. Vagnstjórar Norðurlanda hafa att kappi í ökuleikni frá 1976 en reykvískir vagnstjórar hófu þátttöku 1983.

Hörður Tómasson, einn liðsstjóra íslenska liðsins, segir að Íslendingar hafi verið nokkuð sigursælir frá árinu 1993. „Það tók okkur tíu ár að átta okkur á því að við gætum gert betur,“ segir hann. Íslenskir vagnstjórar hafa unnið keppnina ellefu sinnum

auk þess sem þeir hafa unnið ellefu silfurverðlaun og ein bronsverðlaun frá upphafi. Hörður þakkar íslenska gatnakerfinu og uppbygginguna á því að svo vel hefur gengið, en áhugi manna á starfi sínu skipti líka máli.

Að þessu sinni var ekin ný þrauta braut og var hvert lið skipað sex vagnstjórum sem þurftu að aka brautina á sem skemmstum tíma, auk þess sem villur í brautinni reiknuðust í mínútu og bættust við akstur tíma. Samanlagður tími vagnstjóra telst til liðsúrslita auk þess sem árangur hvers og eins telst til einstaklingsúrslita.

Hörður segir að forkeppni sé haldin

hér heima og þannig valið í lið. Þeir sex efstu hér heima komist út. Hörður segir að þátttakan í forkeppninni sé yfirlétt ágæt. „Oftast er það nú. Það fer eftir því hvernig liggur á mönnum. Þetta er svona fimmtán til tuttugu manns og jafnvel þrjátíu manns sem taka þátt í þessu,“ segir hann.

Ráðgert er að halda keppnina hér á landi á næsta ári. „Það verður fundur hjá okkur núna í október og þá reynum við að finna dagsetningu,“ segir Hörður. Menn kvartu þó undan háu verði hér heima. „Það sem við erum að berjast við núna er að fá hótél á verði sem hentar þeim,“ segir Hörður.

jonhakon@frettabladid.is

Bændur taki þátt í skógrækt

Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda vill samstarf skógræktar og bænda.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, vill að bændur og skógræktar fólk starfi saman og kanni grundvöll þess að hefja sérstakt átak í ræktun íslenskra beitarskóga. Þetta kom fram í erindi sem Þórarinn flutti á 80. aðalfundi Skógræktarfélag Íslands í Hofi á Akureyri.

Að verkefninu myndu starfa saman Landssamtök sauðfjárbænda, Skógræktarfélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Bændasamtök Íslands, Landssamtök skógareigenda og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Í tilkynningu frá Landssamtökum sauðfjárbænda segir að með vel heppnuðu samstarfi megi á næstu árum og áratugum setja stóráukinn kraft í skógrækt í landinu, bæta beitarnum, fjölga trjám og stækka íslenska skóga.

Langstærstur hluti íslenskra birkskóga sé á löndum bænda og er víðast í framför. Sauðfjárbændur hafa undanfarna áratugi gert árangursrík sam skynsamleg og nútímaleg beitarnun hefur skilað góðum árangri. Hagsmunir sauðfjárbeitar og skógræktar fara þar augljóslega saman.



ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Ekki bara arkitektúr
Frei Otto hlaut hin virtu Pritzker-arkitektaverðlaun árið 2015. Otto lést fyrr á þessu ári.
SÍÐA 2



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvegur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarnghler.is



ELDAR ÚR ÍSLENSKUM JURTUM Magnús Jónasson garðyrkjufræðingur segir íslenskar jurtir fjársjóð sem hægt sé að nýta mun betur en gert er.
MYND/ANTON

RABARBARA MÁ NÝTA Á ÓTAL VEGU

FALINN FJÁRSJÓÐUR Magnús Jónasson garðyrkjufræðingur segir fjársjóð leynast í íslenskum jurtum. Rabarbari sé jurt með ótal eiginleika. Hann megi nýta til matar, til litunar á textíl og í skordýraeitur.

Ég hef alltaf haft gaman af að elda og eldaði oft í sumarbústað fjölskyldunnar. Notaði þá það sem ég fann í náttúrunni; túnfífl, hundasúru, birki og fleira, og bjó til salat og krydd. Út frá því skrifaði ég bók um kryddjurtir, Ræktað kryddað, kokkað," segir Magnús Jónasson garðyrkjufræðingur.

Við bústaðinn ræktaði fjölskyldan rabarbara, rífsber, sólber og stikilsber og einnig grænmeti og nýtti allt.

„Úr rabarbaranum og berjunum var alltaf búin til sulta, sem mér fannst svolítið einsleit nýting, en rabarbarinn er til dæmis ein af þeim jurtum sem búa yfir fjölbreyttum eiginleikum," segir Magnús.

„Áður fyrr var hann nýttur til litunar, í sultur og til lækninga en þá var rótin þurrkuð og mulin og gert af henni seyði við magakvillum. Í seinni tíð er fólk farið að nýta rabarbarann betur til matar enda liggja þar óteljandi möguleikar, sultur, síróp, saft, bökur, mauk og ótal-

margt fleira. Í seinni tíð hefur fólk líka nýtt rabarbarablöðin sem mót og steypit í þeim hellur í garðinn. Laufblöðin er einnig hægt að nýta til að búa til skordýraeitur eða til litunar á garni og textíl. Nú er verið að rannsaka rabarbarann og eiginleika hans sérstaklega við Háskólann á Akureyri og það er ég afskaplega ánægður með," segir Magnús.

Hann segir fjársjóð leynast í íslensku náttúrunni sem hægt væri að nýta mun betur en til þess þurfi rannsóknir á eiginleikum og virkni jurtanna.

„Við troðum undir fótum það sem við gætum verið að borða, blóðbergið og túnfíflana, en til dæmis er hægt að búa til ljúffengt síróp úr túnfíflum og þá má meira að segja steikja til matar.“

Magnús segir að rabarbara megi nýta allt sumarið með því að taka stærstu stilkana. Þá sé hægt að frysta stilkana og grípa til þeirra þegar þarf. Blöðin þurfi þó að nýta strax.

Magnús gefur hér tvær afar ólíkar ▶



SÆTT SÍRÓP Rabarbara má sjóða í ljúffengt síróp út á pönnukökurnar.

TUDOR RAFGEYMAR

Er jeppinn tilbúinn í ferðalagið?



TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).

Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.

Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.

Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.

Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.



TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

NORÐURKRILL

• Astaxanthin
• Omega 3

Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd

GETUR HINDRAÐ GEÐROF

Neysla Omega-3 fitusýra getur hindrað geðrof og hægt á þróun geðklofa og annarra geðsjúkdóma samkvæmt niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Melbourne. www.medicalexpress.com



NORÐURKRILL fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhúllum stórmarkaða og verslan

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.

- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.

- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.

- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þáulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuþögnuleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22



Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



ULTIMA THULE

Mikið úr val af littala vörum í verslun okkar.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölu menn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

ÚTSALA

10 - 40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

20% AFSLÁTTUR



ÁÐUR 199.800
NÚ 159.840



20% AFSL. AF ÖLLUM PÚÐUM



ÁÐUR 17.700
NÚ 14.160



ÁÐUR 93.800
NÚ 75.000



ÁÐUR 151.300
NÚ 113.475



ÁÐUR 179.800
NÚ 134.850

20-25% AFSLÁTTUR



ÁÐUR 184.900
NÚ 147.920

30% AFSLÁTTUR



ÁÐUR 99.900
NÚ 69.930



ÁÐUR 91.600
NÚ 64.120



ÁÐUR 16.900
NÚ 11.830



ÁÐUR 22.500
NÚ 15.750

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

TJALDIÐ Í NÝJU LJÓSI

ARKITEKTÚR Frei Otto hlaut hin eftirsóttu Pritzker-arkitektaverðlaun í ár. Otto lést fyrr á þessu ári en skilur eftir sig ófáar fagrar byggingar.

Frei Paul Otto (1925–2015) var fertugasti Pritzker-verðlaunahafinn en verðlaunin eru þau virtustu í heimi arkitektúrs.

Otto fæddist í Siegmars í Þýskaland en ólst upp í Berlín. Hann stundaði nám í arkitektúr í Berlín áður en hann var kallaður í flugherinn á síðustu árum heimsstyrjaldarinnar seinni. Dvöl hans í herbúðum nærri Chartres hafði mikil áhrif á feril hans enda urðu lélegar aðstæður til þess að hann fór að prófa sig áfram með að hanna ýmis tjöld til að veita hermönnum skjól. Áhrif frá þessum tíma má sjá í gegnum allan hans feril. Eftir stríðið lærði hann um tíma í Bandaríkjunum og heimsótti menn á borð við Erich Mendelsohn, Mies van der Rohe, Richard Neutra og Frank Lloyd Wright.

Otto setti á stofn eigin stofu í Þýskalandi 1952. Hann vakti fyrst athygli fyrir tónlistarskálann í Bundesgartenschau í Kassel. Otto stundaði alla tíð rannsóknir, prófanir og þróun á viðkvæmum arkitektúr þar sem notuð eru létt byggingarfeni. Þessar rannsóknir hafa haft áhrif á fjölmarga um allan heim, bæði arkitekta og byggingameistara. Hann kom á fót stofnun fyrir léttar byggingar í Stuttgart árið 1964 sem hann veitti forstöðu í fjölmörg ár.

INNBLÁSTUR FRÁ NÁTTÚRUNNI

Otto taldi arkitektúr ná yfir breitt svið og var því allt í senn rannsakandi, uppfinningamaður, verkfræðingur, byggingameistari, kennari, umhverfisverndarsinni, húanisti og skapari eftirminni-legra bygginga og rýma. Innblástur sótti hann víða en þó sér í lagi frá náttúrunni, allt frá höfuðkúpum fugla til kóngulóarvefja.

Helstu verk Ottos eru skáli Vestur-Þýskalands á heimssýningunni í Montreal árið 1967 og þakið á Ólympíuleikvanginum í München árið 1972.

Otto starfaði sem arkitekt og verkfræðingur fram á síðasta dag og var til að mynda ráðgjafi lærisveins síns, Mahmoud Bodo Rasch, í fjölmörgum verkefnum í Miðausturlöndum. Eitt nýjasta verkefni hans var samstarf með Shigeru Ban við japanska skálann á Expo 2000 þar sem þakið var búið til að öllu leyti úr pappír.

► uppskriftir, annars vegar að skordýraeitri úr rabarbara og hins vegar að sætu sírópi sem er gott á pönnukökur.

SKORDÝRAEITUR ÚR RABARBARA

10-12 laufblöð af rabarbara
4 msk. grænsápa eða önnur lífræn sápa
5 lítrar vatn

Blöðin eru soðin í vatni í lokuðum potti, við vægan hita í 3 klukkutíma, þá eru þau síuð frá og grænsápunni blandað saman við. Það þarf að gera meðan lögurinn er vel heitur. Lögurinn þarf svo að kólna áður en údað er með honum. Það getur þurft að úða trén tvisvar. Logn og þurrt veður þarf að vera þegar údað er.



HEIMSSÝNING 1967 Á heimssýningunni 1967 í Montreal í Kanada hannaði Otto skála Vestur-Þýskalands. MYND/FREI OTTO



DIPLÓMATAKLÚBBUR Í SÁDI-ARABÍU Diplómataklúbbinn í Riád í Sádi-Arabíu hannaði Otto árið 1980. MYND/FREI OTTO



ÓLYMPIUHÖLLIN Í MÜNCHEN Otto hannaði þakið á Ólympíuhöllina í München fyrir Ólympíuleikana 1972. MYND/CHRISTINE KANSTINGER



EXPO 2000 Þak japanska skálans á heimssýningunni í Hannover árið 2000 var búið til úr pappír. MYND/HIROYUKI HIRAI



FREI OTTO



DIPLÓMATAKLÚBBURINN AÐ INNAN Hann er fagur á að líta að innan, diplómataklúbburinn í Riád í Sádi-Arabíu. MYND/CHRISTINE KANSTINGER

RABARBARASÍRÓP

1/2 kíló rabarbaraleggir
1 3/4 dl vatn
1/2 kíló sykur fyrir hvern lítra af vökva
1 tsk. vanillusykur
1 tsk. sítrónusýra

Sjóðið rabarbarann í vatninu í 10 mínútur. Síið og mælið vökvann. Bætið sykrinum og vanillusykrinum út í og sjóðið í 5-7 mínútur. Bætið sítrónusýrunni saman við og hellið í flösku. Þá er sírópið tilbúið til notkunar. Þetta er svo gott út á pönnukökurnar og kexið eða út á ísinn. Svo má líka þynna það með vatni og þá er kominn sumarljúfur drykkur.

■ heida@365.is



Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsimann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarrson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi
Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði
Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi
Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
Ingólfur Geir Gissurarson Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222
Heiðar Friðjónsson Söluhjálpari Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356
Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margrete@valholl.is 588 4477



Heimir Bergmann Sölufulltrúi 630 9000
Pétur Steinar Jóhannsson Sölufulltrúi Snæfellsnes 893 4718
G. Andri Guðlaugsson Lögráðgjafi Sölufulltrúi 662 2705
Kristján S. Bjarnason 611 4870

Vantar löggiltan fasteignasala!



VALHÖLL
FASTEIGNASALA



VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Einbýli við Grundarstíg

Heimili Fasteignasala kynnr glæsilegt 195,2 fm einbýlishús ásamt sérstæðum 41,2 fm bílskúr, samtals 236,4 fm. Húsið er við Grundarstíg 7 í 101 Reykjavík. Húsið er á 419 fm eignarlóð.

Komið er inn í flísalagða forstofu þar sem stigi er bæði upp á efri hæð og niður í kjallara. Á fyrstu hæð hússins er rúmgott herbergi sem er skrifstofa í dag. Stór og björt stofa með parketi á gólfi. Eldhús með innréttingu á tveimur veggjum, fallegum borðkrók í sólskála sem var byggður fyrir um tíu árum.

Á annari hæð eru þrjú rúmgöð svefnherbergi. Baðherbergi með flísum á gólfi. Baðkar, klósett og vaskur, meiri lofthæð. Svalir á stigapalli. Í kjallara er gestasalerni, þrjár geymslur, þvottahús þar sem einnig er sturta. Ekki full lofthæð í kjallara.



Garðurinn við Grundarstíg 7 er mjög gróinn.

Bílskúr var endurnýjaður 2001. Glæsilegur og stór garður, bílastæði fyrir 4-5 bíla. Byggingarár hússins er 1913 en það var endurbýgt 1942. Samkvæmt FMR er eignin skráð sem raðhús.

Endurbætur: Skipt var um járn

og pappa á þaki fyrir um fimm árum. Gluggar á fyrstu og annari hæð endurnýjaðir 2005 með álgluggum. Bílskúr: Nýtt þak, nýjar hurðir og útveggir einangraðir.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán 659-0500

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • Sími: 586 8080 • Fax: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

Fálkahöfði 6, íbúð 302 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Björt og falleg 91,2 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð. Stutt í skóla og leikskóla,

sundlaug og á golfvöll Mosfellsbæjar. V. 30,5 m.

Hjallahlíð 25, íbúð 101 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

118,4 m², 4-5 herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinnangi og fallegri timburverönd í litlu fjölbýli við Hjallahlíð 25 í Mosfellsbæ. Stutt í grunnskóla og leikskóla, sundlaug og á golfvöll Mosfellsbæjar. V. 35,9 m.

Prastarhöfði 5, íbúð 101 -270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Laus strax

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 107,8 m², 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð, ásamt bílastæði í bilageymslu. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla í sameign á jarðhæð. Frábær staðsetning rétt við skóla og leikskóla, sundlaug og World Class og er golfvöllur í næsta nágrenni. V. 35,9 m.

Réttarholtsvegur 67 - 108 Rvk



109,3 fm raðhús við Réttarholtsveg 67. Um er að ræða vel skipulagða eign á 3 hæðum, á þessum vinsæla stað. Falleg verönd afgirt er fyrir framan og aftan við húsið. Eignin skiptist í: Forstofu/gang, stofu/ borðstofu, eldhús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, þvottahús og geymslu. V. 36,9 m.

Helgaland 3 - 270 Mosfellsbær



286,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð við Helgaland 3 í Mosfellsbæ, auk þess er ca. 30 m² óskráð rými í kjallara undir bílskúr. Húsið stendur á 1.200 m² eignarlóð. Stórt bílaplan og fallegur og skjólgöður garður í suðvestur. V. 58,5 m.

Hlíðarárs 9 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 407,3 m² einbýlishús á tveimur hæðum með tveimur aukaíbúðum og tvöföldum bílskúr á fallegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Eignin hefur verið mikið standsett á myndarlegan hátt. V. 79,9 m.

Leirutangi 30 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 18. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

308,1 fm einbýlishús með tvöföldum bílskúr á mjög fallegri sjávarútsýnislóð. Eignin skiptist í anddyri, gestasnyrtingu, borðstofu, setustofu, eldhús með borðkrók, baðherbergi, 5 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, þvottahús og tvöfalda bílskúr. Stórt upphitað og hellulag bílaplan er fyrir framan húsið sem og gönguleið að húsi. Fyrir framan anddyri er stór, skjólgöð, yfirbyggð og flísalögð verönd ásamt stórra timburverönd í suðurrátt. V. 74,5 m.

Hamravík 22, íbúð 201 - 112 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 18. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg og rúmgöð 124,3 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð við Hamravík 22 í Grafarvogi. Gott skipulag og fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Eignin er skráð 124,3 m², þar af íbúð 116 m² og geymsla 8,3 m². V. 35,2 m.

Bláhamrar 2, íbúð 501 - 112 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús miðvikudaginn 19. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

65 m², 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílajakallara. Eignin er skráð 90,8 m², þar af íbúð 65 m² og bílastæði í bílajakallara (skráð bílskúr) 25,8 m². Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. V. 26,3 m

Laus strax

Borgartangi 3 -270 Mosfellsbær



Fallegt og vel skipulagt 212,6 m² einbýlishús með tvöföldum bílskúr. Stórt hellulag bílaplan og gróinn garður með timburverönd í suður. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús með borðkrók, stofu og borðstofu. Eignin er skráð 212,6 m², þar af einbýlishús 160,1 m² og bílskúr 52,5 m². V. 59,9 m.

Garðabær

Höfum fengið í sölu eitt glæsilegasta einbýlishús landsins á skjólsælum stað í sunnanverður Ásahverfinu í Garðabæ. Eignin er samtals 540,0 fermetrar að stærð og innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stór lóð, fallett útsýni, stór bílskúr og möguleiki á aukaíbúð í hluta neðri hæðar hússins. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu gtj@fastmark.is

Langamýri - Garðabæ



Fallett 305,8 fm. endaraðhús, tvær hæðir og ris með góðri lofthæð, að meðt. 34,8 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr í grónu hverfi. Rishæðin er með góðri lofthæð og fjórum þakgluggum. Stórar samliggjandi stofur með útgangi á tvennar svalir. Einnig svalir út af hjónaherbergi á efri hæð/riðhæð. Fimm herbergi. Möguleiki er að gera einstaklingsíbúð á neðstu hæðinni. Mikil hellulögn er fyrir framan hús og bílskúr og er pláss fyrir 4-5 bíla. Hiti er í innkeyrslu að bílskúr.

Vel staðsett eign þar sem er stutt í leik-, grunn- og framhaldsskóla og íþróttastöðu.

Verð 59,9 millj.

Haukanes - Garðabæ. Einbýli með aukaíbúð.



Mjög vandað og vel skipulagt 356,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 60,0 fm. 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð hússins, sem auðvelt væri að breyta í 3ja herbergja ca. 80,0 fm. íbúð ef vill. Húsið er í góðu ástandi að innan og utan og hefur verið þó nokkuð endurnýjað nýlega. Stórar og glæsilegar stofur með arni og útgengi á skjólsælur suðursvalir með steypum heitum potti og af svölum er gengið niður á lóð.

Verð 99,5 millj.

Staðsetning eignarinnar er afar góð innanlega í götu á kyrrlátum stað á Arnarnesinu. Seljandi er tilbúinn til að athuga með skipti á minni eign.

Langalína 28- 32, Sjálandi Gb. Nýjar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir.



Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 105 -188 fermetrar og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með tvennum svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Staði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

**Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

HRAUNBÆR – HEIL HÚSEIGN



Hraunbær – Heil húseign

Heil húseign, samtals 1339,1 fermetrar að stærð, sem er öll í útleigu og að stærstum hluta til opinberra aðila. Eignin, sem er byggð árið 2001, er öll í mjög góðu ásigkomulagi að innan og utan.

1. hæð hússins skiptist í fjóra aðskilda nýtingarhluta auk anddyris með lyftu. Efri hæðin er að mestu einn stór opin salur, nýttur undir bókasafn á vegum Reykjavíkurborgar. Lóð hússins er með fjölda malbikaðra bílastæða beggja vegna hússins. Aðkoma að eigninni er mjög góð. Húsið er klætt að utan með viðhaldsfríri klæðningu og gluggar eru úr áli að innan og utan.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.



Klapparás. Frábær staðsetning.



Mjög gott 338,6 fm einbýlishús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr í lokuðum botnlanga á frábærum stað neðst við Elliðaárdalinn í Árbænum.

Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Arinn í stofu. Stutt er í alla útivist, sundlaug og alla þjónustu. Skjólögður trjá garður, tvær verandir til suðausturs og suðvesturs og svalir til vesturs.

Gangstéttar á lóð allar endurnýjaðar. Lítil umferð um götuna og mjög skjólgott.

Verð 69,0 millj.

Naustavör 2 – 8 Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 83,1 fm. upp í 140,7 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Staði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

**Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**



PINGÁS

Pingás.

Mjög gott 180,2 fm einbýlishús að meðtöldum 34,5 fm bílskúr. Um er ræða timburhús á steyptri plötu og hlaðið utan múrsteini. Byggt var við húsið árið 2002 og þar með stofan stækkuð og auka svefnherbergi útbúið. Náttúruflisar eru á gólf í viðbyggingar, útgengt er í garðinn og loft er upptekin með innfældum ljúsum og hiti í gólfum. Bílskúr er sérstæður. Lóðin er mjög glæsileg og hönnuð með það í huga að hún þurfi sem minnst viðhald og engan slátt. **Verð 64,5 millj.**



VÍÐIHLÍÐ

Víðihlíð - Suðurhlíðar Reykjavíkur.

Mjög fallett og vel skipulagt 308,9 fm. sérbýli með innbyggðum bílskúr á fallettum og grónum stað í Suðurhlíðum Reykjavíkur, stutt frá fallettum útivistarsvæðum og gönguleiðum. Um er að ræða tvær efri hæðir í þriggja hæða raðhúsi. Glæsilegar stórar samliggjandi stofur, stórt nýlegt og vandað eldhús og 5 svefnherbergi. Mögulegt er að bæta við svefnherbergjum ef vill. Stór verönd/svalir er útaf stofum og þaðan er gengið niður á lóð. Rúmt er um húsið auk þess sem gestablastæði eru í götunni. **Verð 69,9 millj.**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölupóknun.

5 HERBERGJA



HAGAMELUR.

Mjög vel skipulögð 116,9 fm. íbúð á 3. hæð að meðt. geymslu. á þessum eftirsóttastað í Vesturbænum. Sameiginlegur inngangur er með 2. hæð. Rúmgóð stofa og borðstofa. Þrjú rúmgóð herbergi. Góðar suðursvalir með fallegu útsýni. Pak hússins var endurnýjað árið 2000 og lóðin endurnýjuð árið 2009. Góð eign á frábærum stað. Örstutt í skóla og sundlaug. **47,9 millj.**

3JA HERBERGJA



MEISTARAVELLIR 31. ENDURNÝJUÐ ENDAÍBÚÐ

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45
Falleg og mjög mikið endurnýjuð 78,4 fm. endaíbúð með gluggum í þrjár áttir og suðursvölum á 3. hæð neðst á Meistaravöllum. Bílskúrsréttur fyrir tvo bílskúra fylgir íbúðinni. Stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Búið að endurnýja m.a. gólfefni, innr. í eldhúsi og baðherbergi. **Íbúð merkt 0303. Verið velkomin. 33,9 millj.**

2JA HERBERGJA



BÓLSTAÐARHLÍÐ - 60 ÁRA OG ELÐRI

42,9 fm íbúð á 1. hæð með yfirbyggðum svölum til suðvesturs og sér geymslu með hillum á hæðinni. Húsvörður er í húsinu. Íbúðin er í húsi fyrir þá sem eru 60 ára og eldri og eru félagsmenn í Samtökum aldraða. Í húsinu er þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar. **19,5 millj.**

4RA HERBERGJA



KRISTNIBRAUT -ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Afar glæsileg 118,9 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi auk 25,2 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað í Grafarholti. Stórar og bjartar stofur með gluggum til norðurs og suðurs. Rúmgóðar og skjólsælir svalir og frábært útsýni. Tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með miklum og fallegum innréttingum. **Íbúð merkt 0302. Verið velkomin. 43,9 millj.**

3JA HERBERGJA



EIÐISMÝRI – SELTJARNARNESI. 60 ÁRA OG ELÐRI

Vel skipulögð 74,6 fm. íbúð á 1. hæð (jarðhæð) auk 6,4 fm. sér geymslu í kjallara í vönduðu húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru félagsmenn í Félagi eldri borgara. Sérmerkt staði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Útgengt er út á viðarverönd til suðurs úr stofu. Íbúðin á hlutdeild í sameign, t.d. bílljarsal og samkomusal í húsinu. **31,9 millj.**

SUMARBÚSTAÐALÓÐIR



EIGNARLÓÐIR VIÐ PINGVALLAVATN

